



Jafnréttisstarf

í Menntaskólanum að Laugarvatni

skólaárið 2017-2018

Skýrsla jafnréttisfulltrúa

Freyja Rós Haraldsdóttir

Laugarvatni, júní 2018

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
2. Gulleplið.....	3
3. Jafnréttisáætlunum fylgt eftir.....	4
3.1 Jafnréttisáætlun Mímis.....	4
3.2 Markvisst jafnréttisstarf.....	5
3.3 Leikritið.....	6
3.4 Hinsegin málefni.....	6
3.5 Framhaldsskólablaðið.....	7
3.6 Útvarp Benjamín.....	7
3.7 Kynbundin embætti í stjórn Mímis.....	8
3.8 Annað.....	9
4. Jafnréttisáætlun ML 2016-2019.....	10
4.1 Kyngreindar upplýsingar.....	10
4.1.1 Nemendur - kynjahlutföll.....	10
4.1.2 Nefndir og ráð – kynjahlutföll.....	11
4.1.3 Starfsfólk og kennarar - kynjahlutföll.....	12
4.2 Kynferðisleg og kynbundin áreitni.....	13
4.3 Fræðsla og vitundarvakning.....	14
4.3.1 Sjúk ást.....	15
5. Næsta starfsár.....	16
6. Heimildaskrá.....	17
7. Viðaukar.....	19
Viðauki a. Umsókn um Gulleplið.....	19
Viðauki b. Jafnréttisáætlun Mímis 2017-2018.....	22
Viðauki c. Kynjahlutföll í Mími 2006-2018.....	25
Viðauki d. Bréf til starfsfólks og kennara.....	26
Viðauki e. Gátlisti fyrir árið 2017-2018.....	29

1. Inngangur

Halldór Páll Halldórsson skólameistari ber ábyrgð á jafnréttisstarfi í Menntaskólanum að Laugarvatni en felur Freyju Rós Haraldsdóttur, verkefnastjórn í málaflokknum. Hún ber því titilinn jafnréttisfulltrúi Menntaskólans að Laugarvatni. Halldór Páll hefur fylgst með og finnst mikilvægt að vinna samkvæmt áætlun og halda starfinu lifandi.

Jafnréttisáætlunin kveður á um að jafnréttisfulltrúi eigi að starfa í samráði við aðra starfsmenn og setja á fót nefnd. Karen Dögg Bryndísardóttir Karlsdóttir bættist í kennarahópinn haustið 2017, en hún hefur m.a. menntun í kynjafræði og tók þátt í starfinu á ýmsan hátt. Jafnréttisnefnd Mímis er svo afar mikilvæg í jafnréttisstarfi í skólanum.

Starfið fer fram bæði með formlegum og óformlegum hætti og undirrituð, Freyja, hefur haldið dagbók yfir það helsta sem var framkvæmt. Fundir, viðburðir, fræðsla, upplýsingaöflun og -miðlun, tölvupóstur, samtöl og áætlanagerð eru meðal þess sem sagt er frá í þessari skýrslu. Í vetur var unnið samkvæmt gildandi jafnréttisáætlunum skólans (Menntaskólinn að Laugarvatni, e.d.) og nemendafélagsins (sjá viðauka b). Þess utan kemur alltaf eitt og annað upp sem ekki er á áætlun. Málin komast þá oft á dagskrá þó ekki sé nema í spjalli á kennarastofunni eða á göngunum.

Þó það hafi ekki náðst að fylgja öllum markmiðum sem höfðu verið sett þá rýrir það ekki gildi áætlunargerðarinnar. Það er mat jafnréttisfulltrúa að almennt hafi tekist vel upp með að setja raunhæf en metnaðarfull markmið. Ýmislegt hefur áunnist og eitt sem staðfestir það er að ML varð handhafi Gulleplisins 2018, eins og sagt er nánar frá í 2. kafla. Í lok skýrslunnar eru vangaveltur varðandi næsta starfsár.

2. Gulleplið

Gulleplið er viðurkenning sem hefur verið veitt árlega fyrir framúrskarandi starf og árangur í heilsuefningu. Áherslan þetta árið var á jafnrétti, kynjafræði, kynfræði, kynheilbrigði og samskiptum kynjanna. Menntaskólinn að Laugarvatni varð þess heiðurs aðnjótandi að hljóta viðurkenninguna þessu sinni. (Landlæknir, 2018) (Helga Kristín Sæbjörnsdóttir, 2018). Freyja, verkefnisstjóri yfir jafnréttismálum og Helga Kristín, verkefnisstjóri yfir heilsuefningu framhaldsskóla unnu í sameiningu umsókn vegna Gulleplisins 2018 (sjá viðauka a). Það er þó hreint ekki tveggja kvenna verk að þetta starf hafi gengið eins vel og raun ber vitni. Við viljum meina að áherslan á jafnrétti og heilbrigð samskipti sé sterk í skólanum og margir eiga sinn þátt í því. Til að nefna nokkra þá á Gríma Guðmundsdóttir heiður skilinn fyrir að starta verkefninu um Heilsuefningu framhaldsskóla í ML og móta góðar áherslur í lífsleikni, Pálmi Hilmarsson stendur að forvarnarferðum sem skipta máli í þessu samhengi, Heiða Gehringer líffræðikennari fræðir nemendur um kynsjúkdóma. Nemendur, nemendafélagið, jafnréttisnefnd Mímis, foreldrafélagið skólameistari Halldór Páll og allt starfsfólk – þetta er okkar allra.



Verðlaunin settu jafnréttisstarfið á dagskrá og gerðu sýnilegra, bæði innanhúss og út á við. Gulleplið var afhent við hátíðlega athöfn í íþróttahúsi Bláskógabyggðar á Laugarvatni. Jafnréttis- og skólaráðsfulltrúarnir Ingunn Ýr Scram og Þórný Þorsteinsdóttir auk Þórarins Guðna

Helgasonar sem situr í jafnréttisráði veittu viðurkenningunni viðtöku og héldu stuttar, afbragðsgóðar ræður. Það var ánægjulegt að heyra þau lýsa því að jafnrétti væri eðlilegur hluti af umræðu í skólanum, stjórnin sé með jafnréttisgleraugun á lofti, jafnréttisnefndin öflug o.s.frv. Það kom skýrt fram að jafnrétti í skólanum verður ekki eftl nema við séum öll með á nótunum. Þau sögðu líka frá því að innan SÍF hefur verið umræða um að nemendafélög skipi „hagsmunafulltrúa“, sem eigi að gegna svipuðu hlutverki og jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar gera í ML. Horft sé til okkar í þessu sambandi.



Við sama tilefni fékk skólinn afhenta smokkasjálfsala. Það er jákvætt skref í átt til meira kynheilbrigðis unga fólksins, sérstaklega þar sem aðgengi í sveitinni er minna en á höfuðborgarsvæðinu. Ingunn Ýr og Þórný, jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar, eiga hrós skilið fyrir að hafa tekið málið upp á skólaráðsfundi í vor. Þær veltu fyrir sér heppilegum fjölda sjálfsala og staðsetningu fyrir þá, höfðu samband við landlæknisembættið og ýttu á eftir því að smokkasjálfsalarnir kæmu. Hvort sem þetta frumkvæði skipti sköpum eða ekki þá var það til fyrirmyndar.

3. Jafnréttisáætlunum fylgt eftir

3.1 Jafnréttisáætlun Mímis

26. september var orðið fullskipað í jafnréttisnefnd Mímis. Pálmi Snær Jónsson (1F) og Ragnheiður Guðjónsdóttir (1N) bættust í nefndina. Nokkrar stelpur buðu sig fram Hinir meðlimirnir voru Sigurborg Eiríksdóttir (2F) og Egill Hermannsson (2N), Anna Elísabet Stark (3F) og Þórarinn Guðni Helgason (3F), Brynhildur Svavarsdóttir (4F), Rúnar Guðjónsson (4N) og Guðjón Andri Jóhannsson (4N). Framangreindir voru saman í lokuðum facebook-hópi þar sem tækifæri gafst til að ræða jafnréttismál og skipuleggja fundi. Í jafnréttisstarfi er mikilvægt að stjórnendur komi að stefnumótun og framkvæmd. Þess vegna hafa stallarar (formenn nemendafélagsins) einnig verið í facebook-hópnum. Sigrún Birna Pétursdóttir Einarisdóttir gegndi því embætti fyrri hluta vetrar en Sigríður Helga Steingrímsdóttir tók við að vori. Jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar fyrri hluta vetrar voru Alexander Vigfússon og Sunneva Björk Helgadóttir en Ingunn Ýr Scram og Þórný Þorsteinsdóttir tóku við embættinu við stjórnarskipti.

Nemendur hafa sett aðgerðaáætlun fyrir hvert skólaár, með skýrum markmiðum og ábyrgðaraðilum. Markmið ársins 2017-2018 sneru að markvissu jafnréttisstarfi, leikritinu, hinsegin málefnum, útvarpi Benjamín og kynbundnum embættum í stjórn nemendafélagsins (sjá viðauka b).

5. september 2017 var fyrsti fundur vetrarins með stjórn Mímis og jafnréttisnefnd Mímis. Farið var yfir jafnréttisáætlunina og málin rædd. Af og til í vetur hefur jafnréttisfulltrúi ML fylgt því eftir að markmiðum jafnréttisáætlunar Mímis sé sinnt. Meðal annars með því að vera í sambandi við nemendur sem tóku að sér sérstaka ábyrgð á markmiðum þessa vetrar. Það hefur gengið vel og eru fundir

haldnir reglulega. Auk þess voru nokkrir óformlegri fundir m.a. vegna aðgerða í jafnréttisáætlun Mímis og vegna endurskoðunar á áætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni og kynbundinni áreitni.

Í umfjölluninni hér fyrir neðan er unnið út frá gátlista sem settur var upp með þeim aðgerðum sem voru á dagskrá fyrir veturinn, og sagt frá því hvernig til tókst.

3.2 Markvisst jafnréttisstarf

Jafnréttisnefnd Mímis fundaði fjórum sinnum yfir veturinn; 5. september, 1. nóvember, 22. janúar og 19. febrúar. Eins og til stóð var stjórn nemendafélagsins oftast boðuð á fundi um jafnréttismál en áður hefur verið. Fundir voru líka auglýstir fyrir allan skólann, með tölvupósti.

Búin var til grúppa í Office365 sem ber heitið „Jafnréttisnefnd“. Þaðan voru sendir tölvupóstar á nefndina, settir inn fundir og viðburðir í dagbókina og OneNote svæðið vel nýtt. Þar voru settar inn upplýsingar, áætlanir, gátlisti og fundargerðirnar eftir hvern jafnréttisfund. Ekki var sett upp vefsíða, en ef tækifæri gefst til þess síðar þá ætti efnið sem er að safnast upp í OneNote að nýtast í því. Einnig kemur til greina að leitast eftir því að fá rými á vefsíðu nemendafélagsins nmimir.com til að miðla upplýsingum um jafnréttisstarfið, birta kyngreindar upplýsingar o.fl.

Fyrir nokkrum árum var heiti skólaráðsfulltrúa breytt í jafnréttis- og skólaráðsfulltrúa. Það eykur sýnileika jafnréttismála, t.d. þegar kosningabaráttan stendur yfir. Í vetur var síðan skerpt á hlutverki jafnréttis- og skólaráðsfulltrúa í lögum Mímis. Áður var starf þeirra skilgreint svona:

6.4 Jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar eru tveir og skulu þeir gæta hagsmuna félagsmanna á viðkomandi vettvangi. Þeir skulu reglulega gera félagsfundi grein fyrir málefnum sem eru, eða kunna að verða tekin fyrir í skólaráði og leita álits fundarins á þeim ef þörf krefur. Skólaráðsfulltrúar eru einnig mötuneytisfulltrúar nemenda. Þeir sjá einnig um pöntun á ML fötum og allt sem því við kemur.

En á aðalfundi Mímis 2018 var eftirfarandi viðbót samþykkt:

Þeir halda utan um og bera ábyrgð á jafnréttisstarfi Mímis, í samráði við aðra nemendur. Þeir halda á lofti og kynna jafnréttisstefnu Mímis, t.d. á stjórnarfundum og aðalfundi. Þeir eru skyldugir til að mæta á fundi jafnréttisnefndar ellegar láta vita um lögmat forföll.

Þetta ýtir vonandi enn frekar undir að fulltrúarnir séu meðvitaðir um hlutverk sitt og setji jafnréttismálin skýrt á dagskrá, í kosningabaráttu og í störfum sínum.

Ekki komst í framkvæmd að panta límmiða né að skrifa grein í *Framhaldsskólablaðið* um jafnréttisstarf Mímis. Starf jafnréttisnefndar komst hins vegar í sviðsljósið þegar ML hlaut Gulleplið 2018, eins og áður sagði.

3.3 Leikritið

Sigurborg Eiríksdóttir tók saman kyngreindar upplýsingar um leikritin sem sett hafa verið upp í ML á liðnum árum. Hún fann leikskrár frá 18 leikritum og niðurstöðurnar eru í excelskjali á OneNote svæði jafnréttisnefndar. Það verður hægt að uppfæra á hverju ári og fylgjast með þróuninni. Niðurstaðan var sú að í heildina höfðu verið konur í 52% hlutverka en karlar í 48% hlutverka. Leikstjórar höfðu verið kvenkyns í 55% tilvika en karlkyns í 45% tilvika. Aldrei hefur strákur verið skráður fyrir búningum, förðun og leikmunum, en strákar hafa verið í miklum meirihluta í hljómsveit og sem tæknimenn og sviðsmenn.

Leikritið í ár hét *Stöngin inn*. 11 leikarar voru kvenkyns (61%) en 7 karlkyns (39%). Kynjahlutföll voru jöfn hjá tækni- og sviðsmönnum, þrjú og þrjú. Tvær stelpur sáu um búninga, förðun og leikmuni en enginn strákur. Leikstjórar voru Bjarnveig Björk og Sigurður Anton. Það voru víst mun fleiri stelpur sem sóttust eftir því að taka þátt í leikritinu og það er eitthvað sem mætti vera vakandi yfir.

Einfaldur gátlisti var settur saman, í samstarfi við við árshátíðarformenn og jafnréttisnefnd Mímis. Hann samanstendur af sex spurningum:

Hvernig eru kynjahlutföllin í leikritinu?	
Hver er leikstjórinn og hvers kyns?	
Hvernig eru aðalhlutverkin?	
Er eitthvað sérstakt í leikritinu sem ýtir undir jafnrétti?	
Er eitthvað sérstakt sem orkar tvímælis þegar kemur að jafnrétti?	
Stenst leikritið Bechdel prófið?	

Rýni sem þessi á að vera gagnleg fyrir þau sem standa að leikritinu. Með því að fylla út í gátlistann eru jafnréttisglæraugun sett á nefið. Hver sem niðurstaðan er þá er að minnsta kosti búið að vekja til umhugsunar.

Það er vert að halda því á lofti að list getur verið mikið afl og í leikritum Mímis eru tækifæri til að hafa jafnréttisáherslur í fyrirrúmi í staðinn fyrir að ýta undir ójafnrétti og staðalmyndir. T.d. mætti setja á svið leikrit sem fjalla með einhverjum hætti um ójafnrétti. Ekki má gleyma listræna frelsinu, sem ætti að gefa rými til að breyta um kyn á persónum, útfæra texta og gera jákvæðar breytingar á handriti.

3.4 Hinsegin málefni

Kynjafræðinemendur tóku þátt í hinseginviku í október 2017 með því að vinna skapandi og áberandi verkefni sem þjónuðu þeim tilgangi að auka sýnileik og

umburðarlyndi þegar kemur að hinseginmálefnum. Má sem dæmi nefna ljósmyndasýninguna „ást er ást“, tröppur skólans í regnbogalítunum, fróðleikur hengdur á veggina, regnbogakökur í matreiðslu, viðtöl+veggspjöld og hinseginleikasnappið sem nokkrir nemendur sóttu um að hafa í einn dag. Í sömu viku komu Samtökin '78 með fyrirlestur á sal fyrir allan skólann.

Á síðustu árum hafa fleiri nemendur í ML skilgreint kynhneigð sína utan hins gagnkynhneigða viðmiðs heldur en áður var. Það bendir til þess að aukið svigrúm sé að skapast. Fyrir suma er þetta samt erfitt skref að taka og hinsegin nemendur eiga vissulega á hættu að mæta ákveðnum fordómum. Þeir geta verið í formi sakleysislegra spurningar, athugasemda eða viðmóts, sem er oftast ekki illa meint. Slíkt getur þó tekið á. Gagnkynhneigð er normið og þau sem stíga út fyrir normið finna fyrir því. Fræðsla og stuðningur eru, og verða áfram, nauðsynleg.

3.5 Framhaldsskólablaðið

Þar sem *Framhaldsskólablaðið* inniheldur oft greinar og annað efni með jafnréttisáherslum vildu nemendur ýta undir lestur á því. Blaðið berst í plastumbúðum og lá oft ósnert í pakkanum, á ritaraborðinu. Í samræmi við áætlun voru umbúðirnar opnaðar og blöðunum dreift um skólann, þ.á.m. í matsalnum (að minnsta kosti oftast). Einnig stóð til að auglýsa blaðið meðal nemenda með tölvupósti eða á facebook. Það var ekki gert.

Það er gaman að geta þess að nemendur í stjórn málafræði unnu verkefni í lok vorannar sem birtist á vefnum babl.is. Var það grein sem byggðist á viðtölum við þingfólk, þar sem fjallað var um stöðu kynjanna í stjórn málum (Eydís Birta Þrastardóttir, Glódís Pálmadóttir og Sigurborg Eiríksdóttir, 2018).

3.6 Útvarp Benjamín

Mikil kynjaskekkja hefur verið í útvarpi Benjamín. Á áætlun var að fara á hausaveiðar og reyna að fá fleiri stelpur til að vera með útvarpsþátt. Minnt var á þetta í febrúar og Sölva Rúnari tómsstundaformanni falið að fylgja því eftir. Hann talað við ýmsar stelpur en engin skráði sig með þátt! Undirrituð lagði líka sitt af mörkum með því að ýta á eftir kvenkyns nemendum í fjölmiðlafræði. Það virtist vera áhugi en því miður skilaði það sér ekki. Sölvi Rúnar greip til þess snilldarráðs að hafa útvarpsþátt á vegum stjórnar nemendafélagsins og fékk stelpurnar í stjórninni með í það. Þær voru jákvæðar, tóku margar virkan þátt og voru ánægðar með þetta. Í þann þátt komu líka að minnsta kosti tveir kvenkyns viðmælendur. Þáttastjórnendur eins þáttarins sem lenti í verðlaunasæti voru hvattir af tómsstundaformanni til að deila verðlaununum með stelpu sem kom sem gestur í þáttinn þeirra. Hún ætti mikið í þessum sigri, því

Þátturinn hefði ekki verið eins góður án hennar. Þarna sjáum við góða viðleitni sem skilaði sér í því að stelpur voru sýnilegri í útvarpinu heldur en á horfðist og einhver umræða átti sér stað.

Þegar skýringa var leitað báru nokkrar stelpurnar fyrir sig að það hefði verið mikið að gera í náminu. Það má vera að kynhlutverkin spili þarna inn í, því án efa er jafn mikið að gera hjá strákunum. Eru stelpurnar samviskusamari og „duglegri“? Eru strákarnir líklegri til að sækjast eftir annarskonar viðurkenningu? Er sú reynsla og viðurkenning ef til vill jafn verðmæt og einkunnirnar sem stelpurnar virðast frekar eltast við? Þetta er djúpstætt, en í það minnsta er rétt að halda umræðunni lifandi og ræða í samhengi við samfélagsleg áhrif.

Viðkvæðið er oft að „strákarnir hafi bara frekar áhuga“, en það þarf að hugsa lengra og spyrja „hvers vegna“? Einu sinni var það trú fólks að konur hefðu ekki áhuga á stjórnámálum og karlar væru einfaldlega áhugalausir og óhæfir þegar kæmi að umönnun barna. Fyrirmyndir skipta máli og orð hafa áhrif. Kynjakvótar gætu líka hjálpað, en eru umdeildir og hafa sína galla, eins og flestir þekkja. Árið 2013 var það skref tekið í Gettu betur – spurningakeppni framhaldsskólanna. Mikil kynjaskekkja var í keppninni og engin merki um þróun til betri vegar. Sem dæmi þá keppti keppti 1 kona á móti 23 karlkyns keppendum í átta liða úrslitum í sjónvarpi árið 2010 og árið 2013 var það sama uppi á teningnum. Kynjakvótinn var settur á til reynslu árið 2013, tók gildi árið 2015 og var loks festur í sessi árið 2016 (Anna Pála Sverrisdóttir, 2011; Nútíminn; RÚV, 2013; 2016; Vísir, 2013;). Það virðist því hafa skapast sátt um aðgerðina. Í lokaúrslitum árið 2018 kepptu 3 stelpur og 3 strákar (RÚV, 2018).

3.7 Kynbundin embætti í stjórn Mímis

Umræðan um paraframboðin hefur verið tekin upp nokkrum sinnum á jafnréttisfundum, en einhvern veginn strandað þar. Hugmyndir voru um að gera skoðanakönnun og halda málþing um þetta, en það varð ekki. Það varð þó úr að jafnréttisnefnd kom sér saman um að leggja til lagabreytingu varðandi paraframboðin. Þessi viðbót var samþykkt við lög Mímis á aðalfundi 2018:

Árshátíðarformenn fá að vera tveir saman á kjörseðli. Stjórn skal vekja athygli á kynjahlutföllum í paraframboð og hvetja til fjölbreytni.

Jafnréttisnefnd ræddi um að kynjahlutföllin í stjórninni yrðu kynnt betur. Því stendur til að láta prenta plaggöt sem sýna stöðuna. Þegar fólk sér að um ákveðin mynstur er að ræða þá skapast betri forsendur fyrir samtali og líklegra að það verði vilji til aðgerða og breytinga. Í ár, líkt og síðustu ár, voru teknar saman kyngreindar upplýsingar varðandi embættin (sjá viðauka c). Nú voru í fyrsta skipti einnig teknar

saman tölur um framboðin, sem sýndu að 14 strákar buðu sig fram og 25 stelpur. Eftir kosningar voru kynjahlutföll í stjórninni jöfn, 7 strákar og 7 stelpur.

3.8 Annað

Auk þess að vinna að markmiðum jafnréttisáætlunarinnar voru tekin upp málefni sem voru í deiglu. Jafnréttisfulltrúi fylgdist með og sendi ábendingar þegar þurfa þótti, t.d. varðandi árshátíð og skipulag þemadaga. Umræða skapaðist um kynjahlutföll skemmtikrafta sem koma fram á böllum og skemmtunum nemendafélagsins. „Busakjöt“ á aðalfundum kom til tals og fleira.

ML tímana í íþróttahúsinu bar á góma:

Mjög góð umræða skapaðist um leiðir fyrir íþróttformenn til að stuðla að jafnrétti og jafnri þátttöku í ML-tímum. Það skiptir máli að hafa fjölbreytni til að höfða til sem flestra. Dæmi um það sem strákar og stelpur mæta vel í: Zumba, Bocca, leikir (Tarzan, grab the Flag), blak, skotbolti. Varðandi bekkjarmótin var rætt um þann möguleika að hvetja til jafnra kynjahlutfalla og jafnvel að auka kröfuna í að það séu að minnsta kosti 2 af hvoru kyni. Á meðan stelpurnar eru í miklum minnihluta er erfiðara fyrir þær að stíga inn í mótin - vítahringur. Alla jafna mæta fleiri strákar í ML-tímana og dæmi eru um að stelpur veigri sér við að fara af því að það eru svo fáar stelpur. Einnig vegna þess að það er stundum mikil harka í leiknum (t.d. bandí) - spurning hvort hægt er að taka harðar á því, þannig að fleiri fái notið sín (úr fundargerð jafnréttisnefndar 19. febrúar 2018).

Karen Dögg kom á fund jafnréttisnefndar og stjórnar í nóvember og fjallaði um drusluskömmun. Sú áhersla tengist sérstaklega títræddum Mímingi. Því miður gat ritnefndarformaður ekki mætt en sýndi málinu áhuga og fékk sendar upplýsingar. Slúðurpleðillinn er sem sagt enn á sínum stað en umræðan er lifandi. Forsíðurnar hafa tekið miklum breytingum, með jafnari kynjahlutföllum og minni staðalmyndum, klámvæðingu og hlutgervingu. Áfram er deilt um það hversu uppbyggilegt og eðlilegt það sé að gefa út fjölmiðil með jafn persónulegum upplýsingum. Eins og ýmis dæmi sýna þá getur svona umfjöllun leitt til eineltis og vanlíðunar. Þær raddir heyrast að kröftum ritnefndarformanna væri betur varið í annað, t.d. að leggja metnað í að gefa út veglegt tímarit eins og *Mímisbrunn* á hverju ári, eða minni útgáfur oftár á ári.

4. Jafnréttisáætlun ML 2016-2019

13. september 2017 funduðu Halldór Páll og Freyja um jafnréttisskýrsluna fyrir veturinn á undan og fóru yfir gátlistann. Í viðauka e er útfylltur gátlisti fyrir veturinn 2017-2018 og hér á eftir fer umfjöllun um valda þætti sem snerta markmið jafnréttisáætlunarinnar.


Gátlistanum fylgir listi yfir ábyrgðaraðila aðgerða. Jafnréttisfulltrúi nýtti hann til að setja inn áminningar í eigið dagatal í Outlook og gagnaðist það vel til að halda utan um hvað þyrfti að gera og hvenær – og til að muna eftir að minna aðra á þeirra ábyrgð.

4.1 Kyngreindar upplýsingar

Byrjaður er að myndast gagnagrunnur með kyngreindum upplýsingum. Excel skjal er vistað í hópnum *Jafnréttisnefnd* í Office 365. Jafnréttisfulltrúi geymir skjalið líka í fórum sínum. Hér fyrir neðan eru töflur og myndir sem sýna kynjahlutföll í nemendahópnum, í hópi starfsfólks og kennara og í nefndum og ráðum. Tölfræði yfir einkunnir og gesti (fyrirlesara og skemmtikrafta) væri góð viðbót. Kynjahlutföll í stjórn nemendafélagsins eru sýnd í viðauka c.

4.1.1 Nemendur - kynjahlutföll


Kynjaskekkja jókst hópi nemenda á milli ára. Haustið 2016 innrituðust 154 nemendur, 74 strákar (48%) og 80 stelpur (52%). Haustið 2017 innrituðust 173 nemendur, 70 strákar (40%) og 103 stelpur (60%). Í fyrra voru tveir bekkir þar sem kynjaskekkjan var umfram 60/40, en í ár voru það fjórir bekkir. Í 1F var skekkjan mest eða 5 strákar (21%) og 19 stelpur (79%). Í 1N voru hlutföllin svo til jöfn, 10 strákar og 11 stelpur.



4.1.2 Nefndir og ráð – kynjahlutföll

Í neðangreindum nefndum og ráðum skólans voru 23 karlar (35%) og 42 konur (65%). Kynjaskekkja er veruleg í nokkrum nefndum og hallar á karla í öllum nefndum nema samstarfsnefnd. Skekkjan jókst frá síðasta ári, en þá voru karlar 45% nefndarfólks og konur 55%. Hluti af skýringunni er að jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar sitja í mörgum nefndum og þegar þær eru báðar kvenkyns, eins og núna, þá eykur það á skekkjuna. Það er um að gera að skoða leiðir til að jafna hlutföllin.

Kynjahlutföll í nefndum og ráðum ML		2018	
Allar nefndir og ráð	kk	23	35%
	kvk	42	65%
Foreldraráð	kk	0	0%
	kvk	3	100%
Mötuneytiráð	kk	2	40%
	kvk	3	60%
Samstarfsnefnd	kk	2	67%
	kvk	1	33%
Sjálfsmatsnefnd	kk	2	40%
	kvk	5	100%
Skólanefnd	kk	4	40%
	kvk	6	60%
Skólaráð	kk	1	17%
	kvk	5	83%
Umhverfisnefnd	kk	1	25%
	kvk	1	25%
Jafnréttisnefnd	kk	6	46%
	kvk	8	62%
Dagamunanefnd	kk	4	44%
	kvk	5	56%
Heilsueflandi framhaldsskóli	kk	1	11%
	kvk	5	56%
Heildarfjöldi		65	




4.1.3 Starfsfólk og kennarar - kynjahlutföll

Veturinn 2017-2018 voru 42 stöður, sem 39 manns sinntu. Kynjahlutföll í heildina héldust svo til eins á milli ára, en í heildina gegndu karlar 38% starfa en konur 62%. Það er eftirtektarvert að karlar eru í meirihluta í mötuneytinu, sem er andstætt hefðbundnum staðalmyndum. Einnig sjáum við karla í ræstingum en kerfisstjóri og fjármálastjóri skólans eru konur. Í kennarahópnum voru karlar einungis þriðjungur.

Við samantekt gagnanna var notast við við starfsmannalistann á vefsíðu skólans, auk þess sem talinn var með einn starfsmaður í mötuneyti sem hafði ekki verið skráður á heimasíðunni.

Kynjahlutföll í starfsmannahópi ML		2017		2018	
Allt starfsfólk	kk	17	39%	16	38%
	kvk	27	61%	26	62%
Mötuneytið	kk	3	60%	4	80%
	kvk	2	40%	1	20%
Ræstingar	kk	3	38%	3	38%
	kvk	5	63%	5	63%
Stjórnendur og kennarar	kk	9	43%	7	37%
	kvk	12	57%	12	63%
Heimavist	kk	2	50%	2	50%
	kvk	2	50%	2	50%
Skrifstofa (gjaldkeri, ritari, kerfisstjóri, bókasafn)	kk	0	0%	0	0%
	kvk	4	100%	4	100%
Þvottahús	kk	0	0%	0	0%
	kvk	2	100%	2	100%
Heildarfjöldi starfsfólks (þ.e. stöður):		44		42	
Kerfið (Áslaug, Halldór Páll, Lára)	kk	1	33%	1	33%
	kvk	2	67%	2	67%
Bara kennarar	kk	7	37%	6	33%
	kvk	12	63%	12	67%



4.2 Kynferðisleg og kynbundin áreitni

Eins og segir í jafnréttisáætlun ML þá viljum við „Auka þekkingu á hvað, einelti, klámvæðing og kynferðisleg áreitni er og hvernig er hægt að sporna gegn henni“. Liður í því er að fjalla um þessa hluti á skólafundi í september ár hvert. Karen Dögg tók það að sér að þessu sinni, vakti athygli á jafnréttisáætluninni, vísaði á bæklinga frá vinnumálastofnun o.fl. MeToo byltingin var fyrirferðarmikil yfir veturinn og sú vitundarvakning henni fylgdi skilaði sér án efa inn í okkar skóla. Eins og vera ber voru heilbrigð samskipti á dagskrá í kynjafærði, lífsleikni og í forvarnarferð 1. bekkjar.

Annað markmið sem við höfðum sett okkur var að móta skýrari áætlun varðandi kynferðislega áreitni og ofbeldi fyrir vorið 2018. Í desember 2017 barst beiðni frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um viðbragðsáætlun um kynbundið ofbeldi og áreitni. Óskað var eftir upplýsingum varðandi jafnréttisáætlun skólans, verkferla þegar brot ætti sér stað, áfanga um jafnréttismál og fræðslu til starfsfólks. Að lokum var beðið um greinargerð þar sem ferlar skólans væru bornir saman við reglugerð nr. 1009/2015 og viðeigandi lagfæringar tilgreindar. Virkilega gott framtak hjá ráðuneytinu að veita þetta aðhald.

Áður var skólinn með „eineltisáætlun“ og tekið fram í henni að "kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir“. Sú áætlun var notuð sem grunnur að nýrri „Áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi“. Mikil vinna var lögð í að gera áætlun sem stæðist reglugerð og myndi nýtast vel fyrir starfsfólk og nemendur skólans. Fyrst var áætlunin mótuð af Freyju, með aðkomu Halldórs Páls. Hún var ekki birt á vefnum strax, en var notuð við meðhöndlun mála um vorið. Í lok annar var farið yfir áætlunina með fleiri aðilum og hún endurskoðuð í ljósi reynslunnar. Nokkrir fundir voru haldnir, með námsráðgjafa, starfsfólki og hópi nemenda. Enn þarf að ganga frá nokkrum lausum endum en áætlunin verður komin á vefinn fyrir næsta skólaár.

12. febrúar sótti jafnréttisfulltrúi námskeið í fjarnámi sem hét „#Metoo og lögin: Hver er réttarstaðan í málum um kynferðislega áreitni?“ og var haldið af Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands.

Í könnun Gallup um Stofnun ársins var að þessu sinni spurt um ýmiss konar neikvæð samskipti, einelti og kynferðislega áreitni. Til að fá niðurstöður sendar úr þeim hluta könnunarinnar þurftu 30 eða fleiri svör að berast frá stofnuninni. Það hefði verið verðmætt fyrir ML að fá þessar niðurstöður en því miður vantaði tvö svör upp á.

4.3 Fræðsla og vitundarvakning

Eitt markmiðið í jafnréttisáætlun okkar er að auka meðvitund nemenda og starfsfólks um jafnréttismál. Kynjafræði var kennd fyrir allan fyrsta bekk í annað sinn haustið 2017. Það fer ekkert á milli mála að skilningur og áhugi allra á femínisma eykst með áfanganum, bæði hjá nemendum á náttúruvísindabraut og félags- og hugvísindabraut. Aðrir skólar horfa til okkar af því að við erum ein til að hafa kynjafræði sem skyldufag fyrir alla nemendur skólans.



17. október fóru nemendur í 1F og 1N á kynjafræðimálþing í Veröld, húsi Vigdísar. Nemendur í 1F og 1N fóru með rútu á viðburðinn, í Veröld - húsi Vigdísar, þriðjudaginn 17. október. Yfirskrift málþingsins var Kynjajafnrétti í framhaldsskólum Íslands. Fjögur erindi voru flutt og pallborðsumræður í lokin. Tveir kennarar úr Menntaskólanum að Laugarvatni voru með erindi; Karen Dögg Bryndísar og Karlsdóttur fjallaði um drusluskömm og Freyja Rós Haraldsdóttir ræddi um jafnrétti í félagslífi í framhaldsskólum og hlutverk jafnréttisfulltrúa. Hjálmar Sigmarsson, starfsmaður Stígamóta, talaði um kynferðisofbeldi meðal framhaldsskólanema. Hildur Vala Einarsdóttir, meðlimur í félaginu Kítón - konur í tónlist, ræddi um kynjahalla í skemmtanalífi framhaldsskólanema (Freyja Rós Haraldsdóttir, 2017). Kynjafræðikennarar í framhaldsskólum hafa á síðustu árum skipulagt sambærileg málþing og nemendur í ML hafa alla jafna tekið þátt. Vorið 2018 fóru nemendur í 4F þó ekki á málþingið vegna þess að Dagamunur var á sama tíma.

Kynjafræðinemendur hafa oft lagt sitt of mörkum til að setja jafnrétti á dagskrá í skólanum. Eins og segir frá hér aftar voru nemendur í 1F og 1N með flott verkefni í hinseginviku í október. Karen Dögg kom sem gestakennari í kynjafræði hjá 4F vorið 2018. Áherslan þá vikuna var á samskipti og mörk í kynlífi og eitt verkefnið var að búa til veggspjöld um mikilvægi samþykkis (margar útfærslur af nei og margar útfærslur af já).

Í lífsleikni fyrir nemendur á fyrsta ári voru sem fyrr efnistökin inn á milli sem eru afskaplega mikilvæg með tilliti til jafnréttis. Efnistökin og nálgun eru breytileg á milli ára. Þetta ber helst að nefna frá vetrinum:

- Kynfræðsla – á vegum Ástráðs, félags læknanema.
- Hinsegin málefni – jafningjafraeðsla frá samtökunum '78.

- Kynferðisofbeldi – Rákel Rán Sigurbjörnsdóttir með fyrirlestur.
- Falleg samskipti og virðing – nemendur gerðu veggspjöld.
- Fjölgreindarkenningin tekin fyrir.

Nemendur á fyrsta ári fengu bókina *Við ættum öll að vera femínistar* frá Kvenréttindafélagi Íslands. (Kvenréttindafélag Íslands, 2017). Bókin var lesin í heimspekiáfanganum sem nemendur tóku á vorönn. Karen Dögg kenndi þann áfanga og lagði fyrir lestrarkönnun, verkefni og umræður í tengslum við bókina.

Þennan vetur var jafnréttisfulltrúi duglegri en áður við að senda pósta til að minna markvisst á jafnréttisáherslur í skólastarfi og kennslu (sjá viðauka d). Mörg dæmi bárust frá kennurum þegar þau voru innt um það hvernig jafnréttisáherslur hefðu fléttast inn í þeirra kennslu yfir veturinn. Má þar nefna umfjöllun um kynhlutverk í skáldsögum íslensku, margbreytileika persóna í barnabókmenntum (m.a. út frá fötlun og kynþætti), staða kynjanna í ólíkum menningarhópum í mannfræði, nálgun í íþróttum var einstaklingsmiðuð og horft var á myndina *Hidden figures* í eðlisfræði.

Í lok maí 2018 sóttu Karen Dögg og Freyja Rós endurmenntunarnámskeiðið *Litla kvíðameðferðarstöðin* á vegum félags lífsleiknikennara. Námskeiðið var afar hagnýtt og til þess fallið að efla hæfni kennara til að mæta fjölbreyttum nemendahópi. Stöllurnar deildu niðurstöðum með samstarfsfólki og bentu jafnframt á annað námskeið á sömu nótum sem var komið á dagskrá í ágúst.

4.3.1 Sjúk ást

Freyja Rós fór á kynningarfundur hjá Stígamótum 17. janúar 2018, vegna verkefnis þeirra *Sjúk ást*. Það gengur út á að vekja athygli á einkennum heilbrigðra, óheilbrigðra og ofbeldisfullra sambanda.

Á kynningarfundinum kom fram að leitast væri eftir samstarfi við nemendafélög framhaldsskólanna til að vekja athygli á verkefninu. Í framhaldinu ýtti Freyja við nemendum í ML, sem varð til þess að Andrea Sigurðardóttir og Bríet Ósk Bárðardóttir tóku að sér að vera tengiliðir og héldu utan um viðburð af miklum skörungsskap. Þær tóku á móti aðilum frá Stígamótum 13. febrúar. Kynningarbás var settur upp eftir hádegi, á þriðjudegi þegar vinnustund var í gangi og hefur varla farið fram hjá neinum - húfusala, blöðrur, tattú, veggspjöld, myndbönd á skjá, vísað á



vefinn sjukast.is og undirskriftum safnað til stuðnings áskorunar um að efla kynfræðslu í skólum landsins.

5. Næsta starfsár

Freyja Rós Haraldsdóttir verður í fæðingarorlofi fram í mars 2019. Karen Dögg Bryndísar og Karlsdóttir mun gegna hlutverki jafnréttisfulltrúa í fjarveru Freyju. Áætlanir og gátlistar munu vonandi nýtast áfram en það er alltaf rými fyrir ferskar áherslur, frumkvæði og sköpun. Við ritun skýrslu sem þessarar kvikna vangaveltur um það sem koma skal. Hér í lokin verður tæpt á nokkrum atriðum.

Í byrjun annar þarf að funda með jafnréttisfulltrúum Mímis, jafnréttisnefnd Mímis og stjórn Mímis til að móta áætlun fyrir veturinn. Varðandi Útvarp Benjamín og Mímingur er tilefni til áframhaldandi umræðu og aðgerða, að mati undirritaðrar, en það er spurning hvernig nemendur vilja tækla það. Inger Erla og fleiri unnu að því á sínum tíma að fá ókeypis túrvörur á salerni í skólanum. Í vetur voru vörurnar hins vegar ekki til staðar svo þetta hefur dottið niður. Ef til vill vilja nemendur endurvekja þetta góða framtak og koma því þannig fyrir að það sé til frambúðar. Nemendur hafa lagt til að hengt verði upp plaggat með tölfræðinni í embættum Mímis og það um að gera að láta verða af því. Sú tillaga kom líka að hafa „jafnréttisvegg“ eða – töflu þar sem m.a. væru upplýsingar um áætlun gegn einelti, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Áætlun sú er tilbúin til birtingar og hana þarf að kynna vel fyrir öllum í skólanum og fylgja því eftir að hún sé notuð.

Góð umræða fór af stað meðal kennara í sumar, um jafnréttisáherslur í kennslu (sjá viðauka d). Vonandi heldur hún áfram og jafnréttisfulltrúi getur ýtt undir faglega nálgun, t.d. með því að hafa eiga samtöl við kennara og vera með innlegg á kennarafundi. V. Svala Kristinsdóttir, Jóna Svandís Þorvaldsdóttir og Björk Ingadóttir, kennarar við Fmos, fengu styrk í fyrra til að þróa sjálfsmatskvarða til að efla og meta jafnrétti í framhaldsskólum. Unnið hefur verið að tveimur sjálfsmatskvörðum, annars vegar matskvarða fyrir skólastarfið í heild og hins vegar fyrir kennara sem þeir geta notað til að meta eigin kennslu. Þegar matskvarðarnir verða opinberir er borðleggjandi að ML taki þátt og nýti þá.

Endurskoðun jafnréttisáætlunar ML á að vera lokið fyrir haustið 2019. Sú áætlun mun gilda árin 2019-2022. Á vorönn má byrja að huga að þessu. Eitt sem þarf ábyggilega að endurskoða eru aðgerðir varðandi launajöfnuð, en það sem við lögðum upp með í gildandi áætlun hefur ekki gengið eftir (sjá í gátlistanum í viðauka e). Nú er Alþingi hinsvegar búið að samþykkja breytingu á jafnréttislögum, sem knýja á um

aðgerðir (Lög um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum (jafnlaunavottun) nr. 56/2017).

„...skulu opinberar stofnanir, sjóðir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkisins og þar sem 25 eða fleiri starfsmenn starfa að jafnaði á ársgrundvelli hafa öðlast vottun skv. 4. mgr. 19. gr. eða staðfestingu skv. 5. mgr. 19. gr. á jafnlaunakerfi og framkvæmd þess eigi síðar en 31. desember 2019.“ (Lög um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna nr. 10/2008)

Menntaskólinn í Kópavogi var fyrstur framhaldsskóla til að hljóta jafnlaunavottun (Ragna Gestsdóttir, 2018). Þarna bíður okkar verðugt verkefni.

Sjá má neikvæða þróun á kynjahlutföllum meðal nemenda, starfsfólks og í nefndum. Það er því ástæða til að fylgjast vel með og spyrja; Af hverju stafar munurinn? Er ástæða til að bregðast sérstaklega við og þá hvernig?

6. Heimildaskrá

- Anna Pála Sverrisdóttir. (2011). Kynjasambætting í Gettu betur. Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstjórar) *Þjóðarspejillinn 2011: Rannsóknir í félagsvísindum XII. Stjórn málafræðideild. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2011*, 7-15. Sótt frá <http://hdl.handle.net/1946/10251>
- Eydís Birta Þrastardóttir, Glódís Pálmadóttir og Sigurborg Eiríksdóttir. (8. maí 2018). *Konur og karlar í stjórn málum*. Sótt frá Babl: <https://www.babl.is/gervigreind/2018/5/8/konur-og-karlar-stjrnmlum>
- Freyja Rós Haraldsdóttir. (2017, 27. nóvember). *Fyrsti bekkur á kynjafræðimálþing - Kynjajafnrétti í framhaldsskólum Íslands*. Sótt frá Menntaskólinn að Laugarvatni: <https://ml.is/index.php/58-frettir/nyjar-frettir/865-fyrsti-bekkur-a-kynjafraedhimalthing-kynjajafnretti-i-framhaldsskolum-islands>
- Helga Kristín Sæbjörnsdóttir. (2018, 7. maí). *Menntaskólinn að Laugarvatni handhafi Gulleplisins 2018*. Sótt frá Menntaskólinn að Laugarvatni: <https://ml.is/index.php/58-frettir/nyjar-frettir/900-menntaskolinn-ad-laugarvatni-handhafi-gulleplisins-2018>
- Kvenréttindafélag Íslands. (2017, 27. september). „*Við ættum öll að vera femínistar“ gefin fyrsta árs nemum í framhaldsskólum*. Sótt frá <http://kvenrettindafelag.is/2017/vid-aettum-oll-ad-vera-feministar-gefin-fyrsta-ars-nemum-i-framhaldsskolum/>
- Landlæknir. (2018, 3. maí). *Menntaskólinn að Laugarvatni handhafi Gulleplisins 2018*. Sótt frá <https://www.landlaeknir.is/um-embattid/frettir/frett/item34914/menntaskolinn-ad-laugarvatni-handhafi-gulleplisins-2018>
- Lög um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum (jafnlaunavottun) nr. 56/2017.
- Lög um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna nr. 10/2008.
- Menntaskólinn að Laugarvatni. (e.d.). Sótt frá Jafnréttisáætlun ML 2016-2019: <https://ml.is/index.php/skolanamskra/77-skolanamskra/stefnur-og-aaetlanir/269-jafnrettisaaetlun>
- Nútíminn. (2016, 18. október). *Kynjakvótinn í Gettu betur festur í sessi: „Þetta var einfaldlega feit þæling sem gekk upp“*. Sótt frá <http://nutiminn.is/kynjakvotinn-i-gettu-betur-festur-i-sessi-thetta-var-einfaldlega-feit-paeling-sem-gekk-upp/>
- Ragna Gestsdóttir. (2018, 20. mars). *Nemendur MK safna fyrir Stígamót*. <http://www.dv.is/fokus/folk/2018/03/10/nemendur-mk-safna-fyrir-stigamot/>
- RÚV. (2013, 1. janúar). *Kynjakvóti í Gettu betur?* . Sótt frá <http://www.ruv.is/frett/kynjakvoti-i-gettu-betur>
- RÚV. (2018, 22. mars). *Garðabær og miðborgin takast á í úrslitum 2018*. Sótt frá <http://www.ruv.is/frett/gardabaer-og-midborgin-takast-a-i-urslitum-2018>
- Vísir. (2013, 16. september). *Kynjakvóti tekinn upp í Gettu betur*. Sótt frá <http://www.visir.is/g/2013130918909/kynjakvoti-tekinn-upp-i-gettu-betur>

7. Viðaukar

Viðauki a. Umsókn um Gulleplið

Gulleplið 2018 – umsókn

Við skólann eru starfandi verkefnastjórar yfir annars vegar jafnréttismálum og hins vegar heilsueflandi framhaldsskóla. Verkefnin skarast töluvert og halda báðir málaflokkar utan um marga þætti sem tengjast áherslum Gulleplisins 2018; jafnrétti, kynjafræði, kynfræði, kynheilbrigði og samskiptum kynjanna. Nú er í gildi [jafnréttisáætlun ML 2016-2019](#). Í júní 2017 var unnin skýrsla um jafnréttisstarf á skólaárinu 2016-2017 og fyllt út í gátlista til að fylgjast með hvernig gengi að fylgja áætlun. Það sama verður gert fyrir yfirstandandi skólaár.

Menntaskólinn að Laugarvatni er fyrsti framhaldsskólinn á landinu til að hafa kynjafræði sem skyldufag fyrir alla nemendur. Kynjafræði er kennd fyrir allan fyrsta bekk, bæði á náttúruvísindabraut og félags- og hugvísindabraut. ML var jafnframt með fyrstu skólum landsins að kenna kynjafræði, en hún hefur verið skyldufag fyrir nemendur á fjórða ári á félags- og hugvísindabraut frá árinu 2012. Nemendur læra að beita hugtökum kynjafræðinnar. Meðal markmiða áfangans er að vekja nemendur til meðvitundar um réttindi sín varðandi jafnréttismál og að þeir þjálfist í að greina samfélagið með kynjagleraugum. Einnig er fjallað um sögu jafnréttisbaráttunnar og það hvernig jafnréttismál varða alla, nú sem fyrr. Fordómar og mismunun eru líka sett í víðara samhengi með tengingu við hinseginmálefnum, fötlun og holdafar. Stór þáttur af kynjafræðikennslunni snýst um kynheilbrigði og heilbrigð samskipti kynjanna. Fjallað er um kynferðislega áreitni, kynferðislegt ofbeldi, stafrænt kynferðisofbeldi, klámvæðingu, mörk, samþykki, mikilvægi samskipta í kynlífi o.s.frv. Kynjafræðin nær út fyrir kennslustofuna og getur mótað skólabraginn allan.

Á liðnu hausti fóru nemendur á kynjafræðimálþing í Veröld, húsi Vigdísar (þar sem Freyja, Karen Dögg, kennarar við skólann voru meðal þeirra sem héldu erindi). Kynjafræðikennarar í framhaldsskólum hafa á síðustu árum skipulagt sambærileg málþing og nemendur í ML hafa alla jafna tekið þátt.

Nemendur í kynjafræðiáfanganum leggja gjarnan sitt af mörkum til að vekja athygli á jafnréttismálum innanhúss. Vorið 2017 fengu þau frjálsar hendur hvað varðar efnistöð og aðferð, í verkefni sem var kallað „jafnréttisvakning“. Tveir hópar gerðu veggspjöld – annað með yfirskriftinni „Allir gráta“ og mynd af grátandi karlmanni sem labbaði í burtu frá *bláa boxinu* – hitt með yfirskriftinni „Stöðvum vöxt misréttistrésins“ og tilvitnunum í fólk sem hefur lýsir fordómum og misrétti sem það hefur orðið fyrir. Einn hópur gerði myndband, gamansamt brúðuleikhús ætlað yngri kynslóðinni, til að vekja athygli á launamun kynjanna. Myndbandið var sýnt á kaffihúsakvöldi 4. bekkjar og kom þar fyrir augu flestra nemenda og fleiri gesta. Það sem stóð svo upp úr var verkefni sem snerist um að gera klósett skólans kynlaus. Kynjafræðinemendur tóku þátt í hinseginviku í október 2017 með því að vinna skapandi og áberandi verkefni sem þjónuðu þeim tilgangi að auka sýnileik og umburðarlyndi þegar kemur að hinseginmálefnum. Í sömu viku komu Samtökin '78 með fyrirlestur á sal fyrir allan skólann.

Unnið er náið með stjórn nemendafélagsins Mímis, nemendafélagið hefur eigin jafnréttisfulltrúa og það er virk jafnréttisnefnd með fulltrúum úr öllum bekkjum. Nemendur hafa sett aðgerðaáætlun fyrir hvert skólaár, með skýrum markmiðum og ábyrgðaraðilum. Markmið ársins 2017-2018 snúa að markvissu jafnréttisstarfi, leikritinu, hinsegin málefnum, útvarpi Benjamín og kynbundnum embættum í stjórn nemendafélagsins. 5. september 2017 var fundur með stjórn Mímis og jafnréttisnefnd Mímis. Farið var yfir jafnréttisáætlunina og málin rædd. Af og til í vetur hefur jafnréttisfulltrúi ML fylgt því eftir að markmiðum jafnréttisáætlunar Mímis sé sinnt. Meðal annars með því að vera í sambandi við nemendur sem tóku að sér sérstaka ábyrgð á markmiðum þessa vetrar. Það hefur gengið vel og eru fundir haldnir reglulega. Auk þess að vinna að markmiðum jafnréttisáætlunarinnar eru tekin upp málefni sem koma upp á hverjum tíma, t.d. um kynjahlutföll skemmtikrafta sem koma fram á böllum og skemmtunum nemendafélagsins. Jafnréttisfulltrúi fylgist með og sendir ábendingar þegar þurfa þykir, t.d. varðandi árshátíð og skipulag þemadaga. Karen Dögg kom á fund jafnréttisnefndar og stjórnar og fjallaði um drusluskömmun. Aðilar frá Stígamótum komu í ML nú um miðjan febrúar til að setja upp kynningarbás, í samstarfi við nemendur. Þar var átakið *sjúk ást* rækilega kynnt og undirskriftum safnað til stuðnings áskorunar um að efla kynfræðslu í skólum landsins. Í átakinu er vakin athygi á einkennum heilbrigðra, óheilbrigðra og ofbeldisfullra sambanda og vísað á vefinn sjukast.is.

Áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi var nýverið tekin til gagn Gerrar endurskoðunar. Áætlunin verður birt á vef skólans og vakin athygli á henni þegar hún hefur verið yfirfarin hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Í lífsleikni fyrir nemendur á fyrsta ári eru efnistökin inn á milli sem eru afskaplega mikilvæg með tilliti til jafnréttis, kynheilbrigðis og samskipta. Efnistökin og nálgun eru breytileg á milli ára. Þetta ber helst að nefna frá liðnum misserum:

- Kynfræðsla – á vegum Ástráðs, félags læknanema.
- Hinsegin málefni – jafningjafræðsla frá samtökunum '78.
- Kynferðisofbeldi – Rákel Rán Sigurbjörnsdóttir með fyrirlestur.
- Falleg samskipti og virðing – nemendur gerðu veggspjöld.
- Fjölgreindarkenningin tekin fyrir.
- Á hverju ári er farið í forvarnarferð með alla nemendur á fyrsta ári. Þar hafa nemendur fengið Marita fræðslu, auk fræðslu um samskipti, einelti, netsamskipti, samfélagsmiðla og áhrif þeirra á andlega heilsu og samskipti.

Ýmsir fyrirlesarar hafa komið með erindi fyrir allan skólann, bæði nemendur og starfsfólk:

- Embla Guðrúnar Ágústsdóttir - [ableismi](#) (fötlunarfordómar)
- Kolbrún og Rákel kynntu [úttekt á jafnrétti í félagslífi í framhaldsskólum](#).
- Stígamót, Hjálmar M. Sigmarsson og Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir - kynferðislegt ofbeldi,
- Finnur Andrésen - [námserfiðleikar og lesblinda](#).

Tara Margrét Vilhjálmsdóttir hélt námskeið á vegum samtaka um líkamsvirðingu. Næst á dagskrá er fyrirlestur um geðheilbrigði og verður hann í mars 2018 á vegum Hugrúnar geðfræðslufélags.

Smokkasjálfsali hefur verið í umræðunni og vonandi kemst það í framkvæmd sem fyrst. Þar sem skólinn er heimavistarskóli með takmarkaðan aðgang að verslun er mikilvægt að horfa til þess að auka slíka þjónustu við nemendur og stuðla að öruggara kynlífi nemenda. Í líffræðiáfangi fá nemendur fræðslu um getnaðarvarnir og kynsjúkdóma.

Jafnréttisumræða er virk í kennarahópnum og eru kennarar duglegir að minna hvorn annan á jafnréttisnálgunina í kennslustofum.

28. febrúar 2018, Freyja Rós Haraldsdóttir og Helga Kristín Sæbjörnsdóttir

Viðauki b. Jafnréttisáætlun Mímis 2017-2018

Jafnréttisáætlun fyrir veturinn var mótuð í lok vorannar 2017. Á fyrsta fundi í september var gengið frá því að skýr ábyrgð væri á aðgerðum, tímasetningar festar niður. Hér fylgir áætlunin fullkláruð.

Markvisst jafnréttisstarf

Markmið	Aðgerð/ir	Ábyrgð	Eftirfylgni/tími
Efla staf okkar í jafnréttisnefnd, gera það markvissara og sýnilegra.	<ol style="list-style-type: none"> 1. Skerpa á hlutverki <u>jafnréttis-</u> og skólaráðsfulltrúa, m.a. í lögum Mímis. 2. Festa niður fundi fyrir næsta vetur. Búa til grúppu í 365 og setja inn á dagatalið. 3. Panta límmiða. 4. Skrifa grein í framhaldsskólablaðið. 5. Setja upp vefsíðu um jafnrétti í félagsstarfinu. Hafa þar m.a. sem mest af kyngreindum upplýsingum. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Egill. 2. Freyja. 3. Brynhildur. 4. Jafnréttisnefndin vinnur ef til vill saman að þessu. Áhugi og frumkvæði stýrir því hver tekur ábyrgð þegar þar að kemur. 5. Freyja setur upp vefsíðuna. Hjálpumst að við að taka saman kyngreindar upplýsingar til að setja inn. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Ræða á fyrsta fundi jafnréttisnefndar haust 2018. Gera tillögu að lagabreytingu fyrir aðalfund 2018. 2. Maí 2017. 3. Fyrir hinseginvikuna í október og e.t.v. aftur að vori. 4. Apríl 2018 – segja frá starfi vetrarins. 5. Setja upp í júní 2017 og vinna síðan áfram.

Leikritið

Markmið	Aðgerð/ir	Ábyrgð	Eftirfylgni/tími
Kynjagleraugin séu uppi við þegar leikritið er sett á svið.	<ol style="list-style-type: none"> 1. Safna kyngreindum upplýsingum um leikrit síðustu ára. 2. Funda með árshátíðarformönnum. 3. Móta leiðbeiningar fyrir þau sem koma að uppsetningu leikritsins. Hvað er gott að hafa í huga? 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Sigurborg og Freyja. 2. Freyja og aðrir í jafnréttisnefnd sem hafa áhuga. 3. Jafnréttisnefnd blæs til fundar til að móta leiðbeiningarnar. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Maí og júní 2017. 2. September 2017. 3. Janúar 2018.

Hinsegin málefni

Markmið	Aðgerð/ir	Ábyrgð	Eftirfylgni/tími
<p>Efla meðvitund um fjölbreytileika kynhneigða og kynvitundar.</p> <p>Stuðla að fordómalausum skóla þegar kemur að hinseginmálefnum.</p>	Halda hinsegin-viku í skólanum. Kynlaus klósett og fyrirlestur í matsalnum gætu verið partur af slíkri viku, ásamt mörgu öðru.	Skólaráðsfulltrúar hafa forgöngu. Þau virkja jafnréttisnefnd og fleiri eftir þörfum.	9-13. október 2017.

Framhaldsskólablaðið

Markmið	Aðgerð/ir	Ábyrgð	Eftirfylgni/tími
<p>Auka sýnileika framhaldsskólablaðsins og ýta undir lestur á því. Framhaldsskólablaðið inniheldur oft öflugar greinar um jafnréttismál.</p>	<ol style="list-style-type: none"> 1. Setja blöðin á borðin í mötuneytinu. 2. Auglýsa meðal nemenda með tölvupósti og/eða á facebook. 	Anna Elísabet. Stallari.	Alltaf þegar blaðið kemur út.


Útvarp Benjamín

Markmið	Aðgerð/ir	Ábyrgð	Eftirfylgni/tími
<p>Fjölga stelpum í Útvarp Benjamín.</p>	<ol style="list-style-type: none"> 1. Auglýsa sérstaklega eftir stelpum og fara á hausaveiðar. 2. Halda námskeið um þáttagerð þar sem útvarpskona kemur og kennir. 	Þórarinn Guðni.	Fyrir dagamun 2018.

Kynbundin embætti í stjórn Mímis

Markmið	Aðgerð/ir	Ábyrgð	Eftirfylgni/tími
Jafna kynjaskiptingu í paraframboðum; skólaráðsfulltrúar, árshátíðarformenn íþróttarformenn og skemmtinefndarformenn.	<ol style="list-style-type: none"> 1. Gera skoðanakönnun meðal nemenda. 2. Halda málfund um efnið og móta tillögur. 3. Leggja til lagabreytingu eða fara í aðrar aðgerðir ef grundvöllur þykir fyrir því. 	<p>Skólaráðsfulltrúar? Freyja?</p> <p>Hefur einhver áhuga á að hafa frumkvæði að þessu?</p>	<p>Nr. 1 - september 2017.</p> <p>Nr. 2 – október 2017.</p> <p>Nr. 3 - Lokið fyrir aðalfund nemendafélagsins 2018.</p>

Viðauki c. Kynjahlutföll í Mími 2006-2018



- Ef skoðuð er **kynjaskekkjan síðustu 5 ár** þá er hún oftast meiri heldur en í heildina 2006-2018.
 - Nema í árshátíðarformanni og gjaldkera, þar er staðan jafnari á síðustu 5 árum en á tímabilinu í heild.
- Embætti Stallara er það eina sem við sjáum **öfug kynjahlutföll** síðustu 5 ár miðað við 2006-2018. 4/5 hafa verið stelpur, sem er 80%.
- Í tómstundaformanni, íþróttarformönnum og skemmtinefndarformönnum hafa **einungis verið strákar** síðustu 5 árin (eða lengur).
- Séu kynjahlutföllin 2006-2017 borin saman við 2006-2018 kemur þetta í ljós:
 - Skekkjan eykst í 5 tilvikum (ríkjandi skipting fest í sessi).
 - Varastallari, ritnefndarformaður, jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar, íþróttarformenn og skemmtinefndarformenn.
 - Skekkjan minnkar í 4 tilvikum (ríkjandi skipting brotin upp).
 - Stallari, gjaldkeri, árshátíðarformenn, vef og markaðsfulltrúi.
 - Sama hlutfall í einu embætti (en strákur kjörinn, eins og ríkjandi skipting hefur verið)
 - Tómstundarformaður.
 - Mesta kynjaskiptingin í því embætti - 92% strákar. 12/13 skiptum verið strákur.
- Nú er stelpa vef- og markaðsfulltrúi en það hafði verið strákur síðustu 4 ár.
- Annað árið í röð eru strákur og stelpa árshátíðarformenn.

Viðauki d. Bréf til starfsfólks og kennara

Sent í upphafi annar 2017:

Kæra samstarfsfólk

Í upphafi annar, þegar við erum að skipuleggja og sjá fyrir okkur starfið á komandi vetri, þá er gott að minna á kynjagleraugun. Leggjumst öll á eitt til að ML sé jafnréttissamfélag.

Ég vil minna á [jafnréttisáætlun skólans](#). Vonandi geta allir tekið sér tíma til að renna yfir hana í heild sinni en hér er eitt sýnishorn:

1. Jafnréttismiðað skólastarf

Í skólastarfinu skal lögð áhersla á að efla sjálfstæði og sjálfsvirðingu beggja kynja. Áhersla er á að nemendur njóti alhliða menntunar og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska og áhuga hvers og eins. Lögð skal áhersla á eiginleika hvers einstaklings í hópnum fremur en kynjamun. Mikilvægt er að þjálf þætti eins og samvinnuhæfni og tillitssemi til að auðvelda ungmennum að starfa í blönduðum hópum. Leitast verður við að kennslu- og námsgögn séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Allir nemendur njóti virðingar og sanngirni og verði ekki fyrir mismunun vegna kyns eða annars.	Starfsfólk gæti þess í námi, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur að koma fram við þá af virðingu og sanngirni.	Starfsfólk.	Alltaf.

Hér er svo áhugavert [myndband](#) sem hefur verið að ganga um samfélagsmiðla (takk fyrir ábendinguna Jóna Katrín og Aðalbjörg). Þarna er fjallað um rannsóknir sem benda til að við komum **ómeðvitað** ólíkt fram við lítil börn eftir því hvort við teljum þau vera kvenkyns eða karlkyns. Ætli það sama eigi við um framkomu við unglinga? Með því að vera meðvituð og reyna markvisst að draga úr slíku þá stígum við skref í rétta átt :) Strákar og stelpur eru allskonar!

Kær kveðja
Freyja, jafnréttisfulltrúi

Sent í upphafi annar 2017:

Kæru kennarar

Í jafnréttisáætlun skólans eru það sérstaklega þessi markmið sem eru á ábyrgð okkar kennaranna:

Auka jafnréttisvitund nemenda.	Þar sem við á verði jafnréttissjónarmið og kynjafræðileg umfjöllun fléttuð inn í námsefni.	Kennarar.	Alltaf. Jafnréttisfulltrúi minnir kennara á þetta í ágúst og desember ár hvert.
--------------------------------	--	-----------	--

Notað sé námsefni sem endurspeglar margbreytileika mannlífsins.	Kennarar skoði val sitt á námsefni út frá jafnréttissjónarmiðum. Hverjir eru höfundar efnisins? Er hægt að vekja athygli á skrifum beggja kynja í tengslum við efnið? Ýtir umfjöllun í efninu undir staðalmyndir?	Kennarar.	Alltaf. Jafnréttisfulltrúi minnir kennara á þetta í ágúst og desember ár hvert.
---	---	-----------	---

Jafnrétti sem ein af grunnstoðum menntunar styður að sjálfsögðu við þessi markmið okkar.

Varðandi síðari punktinn, með námsefnið, þá má taka sem dæmi að ég vanda mig við val á myndum þegar ég bý til glærur - að hafa kynjahlutföll sem jöfnust í myndunum og ef tækifæri gefst til að brjóta þá upp staðalmyndir (t.d. mynd af karli með barn, konu sem forstjóra).

Oft er ýtt undir staðalmyndir í námsbókum eða mikil kynjaskekkja er í fræðunum sjálfum. Það er misauðvelt að bregðast við því en getur verið gott að hafa í minnsta lagi orð á því við nemendur. T.d. þegar fjallað er um "feður félagsfræðinnar" - af hverju eru þetta eintómir karlar? Eða í þroskasálfræðinni - af hverju er mun meira fjallað um rannsóknir á tengslum mæðra og barna heldur en feðra og barna? Ég þreytist seint á því að tala um jafnréttismál og fagna því ef þið viljið grípa mig í spjall um það hvernig hægt er að hafa jafnrétti að leiðarljósi í ykkar fögum.

Vonandi finnst ykkur bara gott að þessu sé haldið á lofti. Ég veit að það er margt gott í gangi hér hvað jafnréttið varðar!

Bestu kveðjur
Freyja, jafnréttisfulltrúi

Sent 1. febrúar 2018:

Kæru raungreinakennarar

Ég veit að þið eruð óð og uppvæg að flétta jafnréttisáherslum inn í ykkar kennslu. Ef til vill viljið þið brjóta upp kennsluna með því að sýna þennan vandaða þátt: <http://www.ruv.is/sarpurinn/ruv/kjarnakonur-i-bandarikjunum-konur-i-geimnum/20180131>

Kennslubækur eiga það til að vera auðugar af fróðleik um afrek merkra karla og barna er útskýrt hvers vegna konur voru svona oft fjarverandi. Jafnframt er myndin fróðleg og hvetjandi fyrir allt vísindafólk.

Sendi á alla hina kennarana líka í leiðinni, ef einhver hefur áhuga á að horfa. Skemmtilegir þættir!

Bestu kveðjur
Freyja, jafnréttisfulltrúi

Sent 7. júní 2018:

Kæru samkennarar

Ég er að vinna skýrslu um jafnréttisstarf vetrarins. Mig langar til að þess að fjalla um það hvort jafnréttismál eru á dagskrá í hinum ýmsu áföngum. Það væri gaman að geta tekið dæmi.

Komu jafnréttismál til umfjöllunar með einhverjum hætti í þínum áföngum í vetur? Stórt eða smátt.

Ég yrði mjög þakklát ef þið sendið mér lýsingar á því ef svo er. Þarf ekki að vera langt! Þarf ekki heldur að vera tæmandi - bara gaman að fá nokkur dæmi.

Ég get tekið dæmi úr mínum áföngum.

Stjórn málafræði:

- Í nokkrum verkefnum völdu nemendur að fjalla um jafnréttistengd málefni. Dæmi: lesa og kynna bókina *Ég er Malala*, viðtöl við Alþingisfólk um kynjajafnrétti+greinarskrif, þættirnir *Handmaid's tail* greindir, vefsíða um mansal, vefsíða um Vigdísí Finnbogadóttur.
- Femínismi er ein hugmyndafræðin sem er tekin til umfjöllunar. Nemendur horfðu á heimildamynd, Konur í stjórnámálum.
- Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna tekin til skoðunar (fjallað um fátækt, jafnrétti o.fl.).

Aðferðafræði

- Nemendur völdu sér rannsóknir til að rýna og kynna, m.a. um hárvöxt, kynferðisofbeldi og fatlaða.
- Kennari segir frá rannsókn á þróun tekjuójöfnuðar.
- Fjallað um siðareglur, þ.á.m. réttlætisregluna (dreifa byrgðum og gæðum - t.d. ekki rannsaka aids-lyf í Afríku og láta svo Bandaríkjamenn njóta góðs af).

Lögfræði, hagfræði og bókfærsla

- Jafnrétti tekið sem dæmi um gildismat sem getur sett strik í reikninginn þegar hagfræðileg mál eru metin.
- Jafnréttislög tekin sem dæmi um lög sem er auðvelt að brjóta. Refsingar fylgja ekki brotum við öllum lögum.

Fjölmiðlafræði

- Horfðum á myndina *The Post*.
- Allir völdu sér rannsóknarblaðamenskumál til að kynna. Ein fjallaði um Glóriu Steinem og Playboy, einn valdi Karls Vignis málið, kennari fjallaði um straujuð brjóst í Kamerún <http://www.ruv.is/frett/brjost-ungra-stulkna-straujud-nidur>
- Nemendur gerðu teiknimyndasögur. Þær áttu að „kveikja umræður“. Þrjár fjölluðu um jafnréttismál.

Nú þið :)

Með fyrirframbökk, ást og kærleik

Freyja

Jafnréttisfulltrúi

Viðauki e. Gátlisti fyrir árið 2017-2018

GÁTLISTI - JAFNRÉTTISÁÆTLUN ML 2016-2019

Jafnréttisáætlun Menntaskólans að Laugarvatni byggist á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008. Í 28. grein laganna segir að kynjum skuli ekki mismunað í skólum og öðrum uppeldisstofnunum og þess gætt í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur. Í 23. grein er kveðið á um fræðslu um jafnréttismál á öllum skólastigum. Í lögunum er enn fremur kveðið á um að í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skuli piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf. Í áætlun þessari eru tilgreind markmið, aðgerðir, ábyrgðaraðilar og tímarammi.

Jafnréttisáætlun Menntaskólans að Laugarvatni er ætlað að stuðla að jafnrétti kynjanna, jafnri stöðu og virðingu kvenna og karla innan skólans. Menntaskólinn að Laugarvatni telur mikilvægt að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum kvenna og karla. Jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna verði einnig virkur þáttur í starfsemi skólans.

Aðaláherslan í þessari jafnréttisáætlun er á jafnrétti karla og kvenna þó það sé einnig stefna skólans að unnið sé gegn hvers konar mismunun, svo sem á grundvelli aldurs, fötlunar, litarháttar, menningar eða stöðu að öðru leyti. Markmiðið er að skapa fordómalaust skólaumhverfi.

1. Jafnréttismiðað skólastarf

Í skólastarfinu skal lögð áhersla á að efla sjálfstæði og sjálfsvirðingu beggja kynja. Áhersla er á að nemendur njóti alhliða menntunar og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska og áhuga hvers og eins. Lögð skal áhersla á eiginleika hvers einstaklings í höpnum fremur en kynjamun. Mikilvægt er að þjálfa þætti eins og samvinnuhæfni og tillitsemi til að auðvelda ungmennum að starfa í blönduðum höpum. Leitast verður við að kennslu- og námsgögn séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Tékk	Lýsing
1a	Allir nemendur njóti virðingar og sanngirni og verði ekki fyrir mismunun vegna kyns eða annars.	Starfsfólk gæti þess í námi, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur að koma fram við þá af virðingu og sanngirni.	Starfsfólk.	Alltaf.	Muna	
1b	Skipulagður viðburður/fyrirlestur um jafnréttismál fyrir nemendur og starfsfólk.	Jafnréttisfulltrúi.	Að minnsta kosti einu sinni á hverju skólaári.	Já Nei X		Samtökin '78 voru með fræðslu fyrir allan skólann í hinseginvikunni í október. Það var á vegum Helgu Kristínar sem kenndi lífsleikni. Aðilar frá Stígamótin komu í febrúar til að kynna #sjúkást, settur var upp kynningarbás o.fl. Jafnréttisnefnd Mímis kom sér saman um að þörf væri á geðheilbrigðisfyrirlestri. Sigurbjörg frá Lausninni var bókuð en það þurfti að fresta því ítrekað. Vonandi verður af því í haust. Nemendur í 1. bekk fengu þó fræðslu í lífsleikni í mars, á vegum Hugrúnar geðfræðslufélags.
1c	Auka meðvitund í kennarahópnum um staðalmyndir og ólíka stöðu stráka og stelpna í nemendahópnum.	Jafnréttisfulltrúi.	Að minnsta kosti einu sinni á önn, t.d. með innleggi á facebook, í tölvupósti, með því að taka mál upp á fundi eða koma af stað samþættingarverkefni ef vilji er fyrir hendi.	Já Nei X		Sjá umfjöllun í skýrslu.

1c		Auka meðvitund í kennarahópnum um staðalmyndir og ólíka stöðu stráka og stelpna í nemendahópnum.	Jafnréttisfulltrúi.	Að minnsta kosti einu sinni á önn, t.d. með innleggi á facebook, í tölvupósti, með því að taka mál upp á fundi eða koma af stað samþættingarverkefni ef vilji er fyrir hendi.	Já X	Nei	Sjá umfjöllun í skýrslu.
1d	Opna augu nemenda fyrir þeim möguleikum sem bjóðast að námi loknu, óháð kyni. Draga úr hugmyndum um að störf skuli flokkast í sérstök kvenna- eða karlastörf.	Nemendur hljóti fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf og sé sérstaklega bent á að kynjaskipting starfa byggir á menningarbundnum hefðum sem ættu ekki að hindra neinn í að stefna hvert sem hugurinn býður.	Námsráðgjafi. Lífsleiknikennari. Kynjafraeðikennari.	Alltaf.	Muna.		Námsráðgjafi og lífsleiknikennari voru minnt á, með tölvupósti, í byrjun skólaársins.
1e	Hlutfall kynjanna í nemendahópi skólans skal vera sem jafnast.	Í kynningarefni frá skólanum skal gæta þess að höfða jafnt til beggja kynja og velja t.d. myndir jafnt af drengjum sem stúlkum úr skólastarfinu.	Kynningarnefnd.	Alltaf.	Já X	Nei	Reynt er að hafa strák og stelpu þegar farið er í kynningar í grunnskólana. Það hefur almennt gengið vel. Hugað var að kynjahlutföllum í nýjasta kynningarmyndandinu. Hausatölning hefur þó ekki enn farið fram.
1f		Þegar nýnema eru metnir inn í skólann skal velja nemanda af því kyni sem hallar á ef tveir jafnhæfir nemendur sækja um en aðeins er rými fyrir annan þeirra.	Innritunarteymi	Við innritun nýnema að hausti.	Muna		

1g	Auka jafnréttisvitund nemenda.	Þar sem við á verði jafnréttissjónarmið og kynjafraeðileg umfjöllun fléttuð inn í námsefni.	Kennarar.	Alltaf. Jafnréttisfulltrúi minnir kennara á þetta í ágúst og desember ár hvert.	Já X	Nei	Sjá umfjöllun í skýrslu („fræðsla og vitundarvakning“).
1h		Boðið sé upp á sérstakan kynjafraeðiáfangu, ef aðstæður leyfa (s.s. varðandi þekkingu og áhuga kennara og rými í stundatöflu).	Skólameistari.	A.m.k. á haustönn eða vorönn.	Já X	Nei	Skylduáfangi fyrir 1N og 1F að hausti 2017. Skylduáfangi fyrir 4F að vori 2018.
1i	Notað sé námsefni sem endurspeglar margbreytileika mannlífsins.	Kennarar skoði val sitt á námsefni út frá jafnréttissjónarmiðum. Hverjir eru höfundar efnisins? Er hægt að vekja athygli á skrifum beggja kynja í tengslum við efnið? Ýtir umfjöllun í efninu undir staðalmyndir?	Kennarar.	Alltaf. Jafnréttisfulltrúi minnir kennara á þetta í ágúst og desember ár hvert.	Já X	Nei	

2. Launajafnrétti

Launaákvæðanir byggjast á kjarasamningum og í því samhengi skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf og hvers konar frekari þóknun, beina og óbeina, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða öðrum hætti. Einnig skulu þau njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár, sbr. 19. gr. laga nr. 10/2008.

	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Tékk	Lýsing
2a	Konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.	Laun innan stofnunarinnar greind eftir kyni. Fylgst með þróun og þreytingum launa á milli tímabila.	Samstarfsnefnd.	Í september ár hvert.	Já Nei X	KÍ sendir reglulega launamyndir f. Skólann. Jafnréttisfulltrúi óskaði eftir kyngreindum niðurstöðum en fékk ekki svar. Einnig spurtt um þetta: „Samþykkt á 6. þingi KÍ að gerð yrði úttekt á launamun kynjanna meðal félagsfólks KÍ.“ Einnig leitað upplýsinga um það en engin svör bárust. Þurfum að innleiða jafnlaunakerfi og fá jafnlaunavottun, sbr. breytt jafnréttislag.
2b		Ef í ljós kemur munur á heildarlaunum karla og kvenna skal gaumgæfa hvaða ástæður liggja þar að baki. Er þær málefnalegar? Kennarar upplýstir um niðurstöðuna á kennarafundi.	Samstarfsnefnd.	Í september ár hvert.	Muna þegar við á.	
2c		Leiðréttá ef óútskýranlegur mismunur kemur fram.	Skólameistari.	Ef launamunur kemur í ljós.	Muna þegar við á.	

3. Stöðuveitingar og störf

Jafnréttissjónarmið verði metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar. Hlutfalli kynjanna í hinum ýmsu störfum innan skólans skal vera sem jafnast. Þess verði gætt að einstaklingum sé ekki mismunað vegna kynferðis við úthlutun verkefna, tilfærslu í störfum, tækifæra til að axla ábyrgð og framgang í störfum.

	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Tékk	Lýsing
3a	Karlar og konur hafi jafna möguleika á störfum við skólann.	Í starfsauglýsingum skulu störf ókyngreind og þess gætt að hafa bæði kynin í huga við gerð auglýsinga.	Skólameistari.	Alltaf þegar auglýstar eru lausar stöður.	Muna Já Nei X	
3b		Sæki tveir jafnhæfir einstaklingar um starf við skólann skal velja einstakling af því kyni sem hallar á.	Skólameistari.	Alltaf þegar ráðið er í störf.	Já Nei X	Rætt þegar umsóknarferli var í gangi, fyrir lausar stöður íþróttakennara og sögukennara.
3c		Halda skal saman yfirliti um auglýst störf, umsækjendur og ráðningar og bær upplýsingar greindar eftir kyni.	Skólameistari.	Alltaf.	Já Nei X	Upplýsingarnar eru til staðar en hafa ekki verið teknar saman. F. veturinn 2018-2019 var karl ráðinn í stöðu sögukennara en kona í stöðu íþróttakennara sömu kyn og voru á undan).
3d		Litið skal til kynjahlutfalla þegar skipað er í nefndir og ráð innan skólans.	Tilnefningaraðilar.	Alltaf þegar skipað er í nefndir og ráð.	Já Nei X	Þerft oft í tal þegar skipað er í nefndir. Kyngreindar upplýsingar teknar saman vor 2018 og benda til að jafna megi hlutföllin í nokkrum nefndum.

4. Kyngreindar upplýsingar

Greina skal tölfraeðiupplýsingar eftir kyni alltaf þegar því verður komið við. Kyngreindar upplýsingar geta komið að notum við stefnumótun í jafnréttismálum. Dæmi um upplýsingar sem hægt er að safna:

- Kynjahlutfall í nemendahópnum.
- Samanburður á námsárangri stúlkna og drengja.
- Brottfall eftir kynjum.
- Kynjahlutfall í starfsliði skólans.
- Kynjahlutfall í nefndum og ráðum.
- Líðan stráka og stelpna í skólanum, byggt á upplýsingum úr Skólapúlsinum o.fl.

	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Tékk	Lýsing				
4a	Birta kyngreindar tölfraeðilegar upplýsingar um sem flesta þætti í skólastarfinu.	Finna leið til að halda utanum þessar upplýsingar, t.d. á sérstöku vefsvæði/vefsíðu.	Jafnréttisfulltrúi	Fyrir lok skólaárs 2017. Upplýsingunum komið á framfæri við alla í skólanum, t.d. með því að senda samantekt eða vefslóð í tölvupósti. Gagnagrunni viðhaldið í framhaldinu og nýjar niðurstöður sendar í lok hvers skólaárs.	<table border="1"> <tr> <td>Já</td> <td>Nei</td> </tr> <tr> <td>x</td> <td></td> </tr> </table>	Já	Nei	x		Excelskjál sett inn á jafnréttisgrúppu í tölvupóstinum (365). Nokkrar niðurstöður birtar í jafnréttisskýrslu fyrir skólaárið.
Já	Nei									
x										

5. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Konum og kórlum skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu með sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við á. Í þessu sambandi skal bæði tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa skólastarfsins, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Tékk	Lýsing				
5a	Vinnutími sé sveigjanlegur.	Ábyrgð á undirbúningsvinnu sé hjá kennurum, óháð stund og stað.	Skólameistari.	Alltaf.	Muna.					
5b	Yfirvinnu sé stillt í hóf.	Ekki sé þrýst á starfsfólk að taka að sér yfirvinnu. Ef aukavinna skapast má bjóða starfsfólki að bæta henni á sig en því ber engin skylda til að samþykkja það. Þetta skal upplýsa fólk um þegar það er beðið um að bæta á sig vinnu.	Skólameistari.	Alltaf.	Muna.					
5c	Fundarhöld séu á dagvinnutíma.	Fundir skulu skipulagðir á dagvinnutíma, nema sérstök ástæða sé til annars.	Sá sem skipuleggur fundi hverju sinni.	Alltaf.	<table border="1"> <tr> <td>Já</td> <td>Nei</td> </tr> <tr> <td>x</td> <td></td> </tr> </table>	Já	Nei	x		Víkulegur fundartími kl. 10:20-11:00 á þriðjudögum hefur stutt við þetta. Áður voru kennarafundir síðdegis sem setti foreldra leikskólabarna stundum í erfiða stöðu.
Já	Nei									
x										
5d	Réttur til fæðingarorlofs sé nýttur, jafnt af konum sem kórlum.	Starfsfólk sé hvatt til að nýta fæðingarorlofsrétt sinn.	Skólameistari.	Sérstaklega kynnt nýjum starfsmönnum, sem og verðandi foreldrum.	Muna.					

6. Starfsandi og líðan

Lögð er áhersla á góða líðan og góðan starfsanda í skólanum. Allir eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og sæti ekki kynbundinni eða kynferðislegri áreitni, einelti né öðru ofbeldi.

Samkvæmt orðskýringum í 2. gr. laga nr. 10/2008 er kynferðisleg áreitni skilgreind svo: „Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi kynferðisleg hegðun sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknað. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.“

Kynferðisleg áreitni er ekki líðin í skólanum. Mikilvægt er að einstaklingar upplýsi um það verið þeir fyrir áreitni eða einelti og geti verið fullvissir um að slíkt er tekið alvarlega. Sá sem verður fyrir kynferðislegri áreitni eða annars konar ofbeldi getur leitað til umsjónakennara, trúnaðarmanns, námsráðgjafa, aðstoðarskólameistara eða skólameistara sem finna málinu farveg. Brugðist skal skjótt við og atvik metin í samráði við þá er málið varðar og utanaðkomandi ráðgjafa ef með þarf.

	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Tékk	Lýsing				
6a	Auka þekkingu á hvað, einelti, klámvæðing og kynferðisleg áreitni er og hvernig er hægt að sporna gegn henni.	Hafa fræðslu um einelti og kynferðislega áreitni. Vekja sérstaklega athygli á jafnréttisstefnu skólans í þessum efnum.	Jafnréttisráð. Lífsleiknikennari. Kynjafraeðikennari.	Á skólafundum í september ár hvert. Í kennslustundum í viðeigandi námsfögum.	<table border="1"> <tr> <td>Já</td> <td>Nei</td> </tr> <tr> <td>X</td> <td></td> </tr> </table>	Já	Nei	X		Karen Dögg fjallaði um málefnið á skólafundum í september. Kennsla í kynjafraeði og lífsleikni. #Sjúkást. #metoo byltingin fór ekki framhjá ML-ingum. Sem sagt vakning í samfélaginu öllu sem við njótum góðs af.
Já	Nei									
X										
6b	Skólinn hafi skýra stefnu í því hvernig tekið er á málum ef upp kemur kynferðisleg áreitni eða ofbeldi.	Móta skýrari áætlun. Leita ráðgjafar t.d. hjá Stígamótum, Barnahúsi og Háskóla Íslands.	Jafnréttisfulltrúi.	Fyrir lok skólaárs 2018.	<table border="1"> <tr> <td>Já</td> <td>Nei</td> </tr> <tr> <td>X</td> <td></td> </tr> </table>	Já	Nei	X		Sjá umfjöllun um vinnuferlið í skýrslu ársins.
Já	Nei									
X										

7. Eftirfylgni og endurskoðun

Tilnefndur verður jafnréttisfulltrúi Menntaskólans að Laugarvatni sem hefur yfirumsjón með eftirfylgni og endurskoðun jafnréttisáætlunar. Jafnréttisfulltrúi starfar í samráði við aðra starfsmenn og setur í fót nefnd. Hlutverk nefndarinnar er að framfylgja jafnréttisáætlun skólans og vinna að endurskoðun hennar. Jafnréttisráð fjallar einnig um mál sem upp kunna að koma varðandi brot á jafnréttisáætlun skólans. Telji starfsmáður eða nemandi að reglum um jafnrétti séu brotnar innan skólans eða að farið sé á svig við jafnréttisáætlun skólans, skal hann leita til jafnréttisfulltrúa og jafnréttisnefndar.

	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Tékk	Lýsing				
7a	Jafnréttisáætlun ML sé í sífelldri þróun og endurskoðun.	Stofnuð sé jafnréttisnefnd Menntaskólans að Laugarvatni. Fundin leið sem hentar varðandi skipan í nefndina, fjölda nefndarmanna o.s.frv.	Jafnréttisfulltrúi í samráði við skólameistara.	Haust 2016.	<table border="1"> <tr> <td>Já</td> <td>Nei</td> </tr> <tr> <td>X</td> <td></td> </tr> </table>	Já	Nei	X		Jafnréttisnefnd Mímis starfar og jafnréttisfulltrúi ML vinnur í samstarfi við skólameistara. Karen Dögg kennari í félags- og hugvísindum er einnig með menntun í kynjafraeði og tók þátt í jafnréttisstarfi þennan vetur.
Já	Nei									
X										
		Jafnréttisáætlun endurskoðuð og metin á þriggja ára fresti.	Jafnréttisráð.	Vor 2019.	Muna þegar þar að kemur.					
7b	Meðvitund sé um jafnréttisáætlun skólans meðal nemenda og starfsfólks.	Áætlunin gerð opinber á vef ML, kynnt á póstlistum starfsmanna og nemenda og í kynningarefni eftir því sem við á.	Jafnréttisráð í samstarfi við skólastjórnendur.	Í september ár hvert.	<table border="1"> <tr> <td>Já</td> <td>Nei</td> </tr> <tr> <td>X</td> <td></td> </tr> </table>	Já	Nei	X		Áætlun er á vefnum. Mætti vera sýnilegri. Í frétt á heimasíðu skólans af ferð á kynjafraeðimálþing var vísað á áætlunina. Áætlunin kynnt í kynjafraeðitíma.
Já	Nei									
X										
7c	Fylgjast með því hvort jafnréttisáætlun skili tilætlunum árangri.	Skrifuð skýrsla um stöðu jafnréttismála ár hvert. Var áætluninni fylgt á liðnu skólaári? Hvað var gert og hvað hefur áunnist?	Jafnréttisfulltrúi í samvinnu við jafnréttisráð.	Í lok hvers skólaárs.	<table border="1"> <tr> <td>Já</td> <td>Nei</td> </tr> <tr> <td>X</td> <td></td> </tr> </table>	Já	Nei	X		Unnin í júní 2018.
Já	Nei									
X										
7d		Hanna gátlista til að auka skilvirkni við eftirfylgni jafnréttisáætlunarinnar.	Jafnréttisfulltrúi.	Lok árs 2016. Prufukeyra í upphafi vorannar 2017, bróa áfram og nýta í upphafi hvernar annar ef vel reynist.	<table border="1"> <tr> <td>Já</td> <td>Nei</td> </tr> <tr> <td>X</td> <td></td> </tr> </table>	Já	Nei	X		Hönnun og fyrsta prufukeyrsla kláraðist vor 2017. Prufukeyrður vetur 2017-2018 og reyndist gagnlegt töl. Fyllt út á ný vorið 2018.
Já	Nei									
X										

8. Félagsstarf nemenda

Félagsstarf nemenda er öflugt í Menntaskólanum að Laugarvatni. Vert er að skoða félagsstarf með kynjagleraugum og setja fram áætlun um jafnrétti kynjanna innan þess. Jafnréttisráð og skólayfirvöld beita sér fyrir því að nemendafélagið MÍMIR hafi skýra jafnréttisstefnu og virka jafnréttisáætlun.

	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi	Tékk	Lýsing				
8a	Tryggja að jafnréttismál verði áfram á dagskrá nemendafélagsins.	Halda fund með jafnréttisnefnd nemendafélagsins og stjórn nemendafélagsins þar sem farið er yfir jafnréttisáætlunina þeirra, stöðu mála og markmið fyrir komandi vetur.	Jafnréttisfulltrúi.	Í september ár hvert.	<table border="1"> <tr> <td>Já</td> <td>Nei</td> </tr> <tr> <td>X</td> <td></td> </tr> </table>	Já	Nei	X		Fundur með nemendafélaginu og jafnréttisnefndinni þri 5. sept á setustofu fjarvistar. Fundir, facebook, samtöl og skilaboð öðru hverju allan veturinn.
Já	Nei									
X										
8b		Nýta facebook-hóp jafnréttisnefndar Mímis til að halda á lofti samþættingu jafnréttishugtaksins í þeim verkefnum sem nemendafélagið tekur sér fyrir hendur. Halda áfram virku samstarfi við jafnréttisfulltrúa Mímis og funda þegar tækifæri gefst til.	Jafnréttisfulltrúi.	Alltaf.	<table border="1"> <tr> <td>Já</td> <td>Nei</td> </tr> <tr> <td>X</td> <td></td> </tr> </table>	Já	Nei	X		
Já	Nei									
X										
8c		Nefna jafnréttismál á fundi með stjórn nemendafélagsins.	Skólameistari	Í upphafi hvers skólaárs og við stjórnarskipti að vori.	<table border="1"> <tr> <td>Já</td> <td>Nei</td> </tr> <tr> <td>X</td> <td></td> </tr> </table>	Já	Nei	X		
Já	Nei									
X										

Verkefni flokkuð eftir ábyrgð

Það sem ákveðnir aðilar þurfa að gera eða muna.

Ábyrgðaraðili	Verkefni og tímasetning í dagatali
Jafnréttisfulltrúi – Freyja	<p>1a – senda áminningu í byrjun annar.</p> <p>1b – fyrirlestur um jafnréttismál.</p> <p>1c – fræða einu sinni á hvorri önn.</p> <p>1d – störf kynnt – minna lífsleiknikennara og námsráðgjafa á þetta.</p> <p>1e – minna þá á sem koma að kynningarmálum.</p> <p>1f – kynjahlutföll í nemendahópnum. Minna innritunarnefnd á.</p> <p>Póstur í byrjun annar á kennara.</p> <p>1g – flétta jafnrétti inn í námsefni.</p> <p>1i – kynjahlutföll og innihald í námsefni.</p> <p>5 – fjölskyldulífið.</p> <p>6 – starfsandi og líðan.</p> <p>4a og 3c – halda saman kyngreindum upplýsingum – vinna að vori, um leið og skýrslan er skrifuð.</p> <p>5 – fjölskyldu og atvinnulíf – minna Halldór Pál á í byrjun annar. Er á hans ábyrgð. Benda líka starfsfólki á þetta.</p> <p>6a – tala um jafnrétti á skólafundi í september.</p> <p>6b – muna eftir nýju áætluninni og fylgja henni eftir. Í samráði við námsráðgjafa o.fl.</p>

	<p>7a - endurskoða áætlun vor 2019.</p> <p>7b – kynna jafnréttisáætlunina tölvupósti eða annarsstaðar.</p> <p>7c – Skrifa skýrslu í lok skólaárs.</p> <p>7d – vinna áfram með gátlistann.</p>
Skólameistari – Halldór Páll	<p>2a - launamunur kynjanna, gera úttekt.</p> <p>3c – halda saman upplýsingum um störf og ráðningar.</p> <p>5 – fjölskyldu og atvinnulíf</p> <p>6a – gera ráð fyrir umfjöllun um starfsanda og líðan á skólafundi í september.</p> <p>7b – kynna jafnréttisáætlunina tölvupósti eða annarsstaðar.</p>
Allir/kennarar	<p>1a – starfsfólk koma vel fram.</p> <p>1g – flétta jafnrétti inn í námið.</p> <p>1i – kynjahlutföll og innihald í námsefni/kennslugögnum.</p> <p>5 – fjölskyldulífið.</p> <p>6 – starfsandi og líðan.</p>
Námsráðgjafi	<p>1d – störf henti báðum.</p> <p>6 – líðan og starfsandi – muna eftir nýju áætluninni og fylgja henni eftir.</p>
Lífsleiknikennari	<p>1d – störf henti báðum kynjum.</p> <p>6a – fræðsla um einelti og kynferðislega áreitni. Vísa í jafnréttisstefnu skólans o.fl.</p>
Kynningarnefnd	<p>1e – höfða til beggja og gæta að kynjahlutföllum.</p>
Innritunarteymi	<p>1f – kynjahlutföll í nemendahópnum.</p>